

LÖG

um breyting á lögum nr. 46/1987, um gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 5. gr. bætist ný málsgrein sem hljóði svo:

Komi í ljós fyrir eða eftir álagningu að tekjur þessar hafi ekki verið rétt tilgreindar, sbr. 4. gr. þessara laga, skal skattstjóri endurákvarða gjaldstofna og gjöld viðkomandi framteljanda. Um endurákvörðun slíkra gjaldstofna og álagningu gjalda gilda ákvæði IX.–XIV. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, þar með talin ákvæðin um álag og refsingar, innheimtu og ábyrgð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu gjalda gjaldárið 1988 á tekjur ársins 1987.

Gjört í Reykjavík, 28. desember 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Baldvin Hannibalsson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 95/1980, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Stjórn sjóðsins sér um ávöxtun á fé hans og skal það gert á eftirfarandi hátt:

1. Í ríkisskuldabréfum og skuldabréfum sem tryggt eru með ábyrgð ríkissjóðs.
2. Í skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga.
3. Í bönkum og sparisjóðum sem fullnægja ákvæðum laga nr. 86/1985 eða laga nr. 87/1985 eða í skuldabréfum sem tryggt eru með ábyrgð ofangreindra aðila.
4. Í skuldabréfum stofnlánasjóða atvinnuveganna, fjárfestingarstofnana eða annarra lánastofnana en þeirra sem áður er getið, enda starfi þær samkvæmt sérstökum lögum eða Seðlabanki Íslands hafi veitt þeim viðurkenningu í þessu skyni.

5. Í skuldabréfum tryggðum með veði í húseignum allt að 65% af brunabótamatsverði, eða sé brunabótamat ekki fyrir hendi þá af matsverði sem ákveðið er af tveim mönnum sem fjármálaráðherra tilnefni, og allt að 75% af fasteignamatsverði lóða í kaupstöðum og kaupsíðum.

2. gr.

2. og 3. mgr. 8. gr. laganna orðist svo:

Iðgjald skal greiða af öllum launatekjum starfsmanna, hverju nafni sem nefnast, og gera upp mánaðarlega. Nú eru laun greidd vikulega, og skal þá mánaðarlegt uppgjör miðast við þær vikur, fjórar eða fimm, sem lýkur í mánuðinum.

Stjórn sjóðsins setur reglur um við hvaða tekjur skuli miða iðgjöld þeirra sjóðfélaga sem ekki eru launþegar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Frá gildistöku laga þessara til ársloka 1989 skal þrátt fyrir ákvæði 8. gr. greiða iðgjöld af öðrum launum en fyrir dagvinnu, þar með talið vaktálag, sem hér segir:

	Hluti launþega	Hluti atvinnurekanda	Samtals
Frá gildistöku laga þessara til 31. desember 1987	1,0%	1,5%	2,5%
Frá 1. janúar 1988 til 31. desember 1988	2,0%	3,0%	5,0%
Frá 1. janúar 1989 til 31. desember 1989	3,0%	4,5%	7,5%

Gjört í Reykjavík, 28. desember 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Baldvin Hannibalsson.

LÖG

**um breyting á lögum nr. 14/1965, um launaskatt,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 5/1982 og 5. gr. laga nr. 3/1986, orðist svo:

Leggja skal á launagreiðendur almennan launaskatt af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum svo sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

Launaskattur skal nema 1% af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum fyrir störf hjá aðilum er stunda starfsemi sem flokkast undir fiskveiðar eða iðnað skv. 1., 2. eða 3. flokki í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands.